

AUGLÝSING

um

samning um póstávísanaviðskifti milli Íslands og Canada.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Canada hafa komið sjer saman um svofeldan samning:

79
28. ágúst

SAMNINGUR

um

póstávísanaviðskifti milli póststjórnar Íslands og póststjórnar Canada.

I. grein.

Skifti á ávísunum.

Milli Íslands og Canada skulu fara fram regluleg skifti á póstávísunum. Hvort landið um sig skal senda hinu skrá yfir pósthús þau, sem heimilað er að taka þátt í póstávísanaviðskiftunum.

II. grein.

Viðskiftastofur.

Póstávísanþjónustan milli samningslandanna skal eingöngu framkvæmd af viðskiftastofum. Fyrir Ísland skal viðskiftastofan vera í Reykjavík, og fyrir Canada í Ottawa.

III. grein.

Hámark ávísanaupphæðar.

Póststjórnir beggja samningslandanna skulu hafa rjett til þess að ákveða, eftir samkomulagi sín á milli, hámark upphæðar hinna einstöku póstávísana, sem útgefnar eru í hvoru landinu um sig. Hámark þetta má þó ekki fara fram úr \$ 100.00 eða næsta nothæfa jafngildi þessarar upphæðar í mynt útgáfulandsins. Engin ávísun má hljóða upp á brot úr 4 aurum eða 1 cent.

79
28. ágúst

IV. grein.

Mynt.

Allar útborganir, hvort heldur til almennings eða frá honum, skulu framkvæmdar í gulli, eða í öðrum löglegum peningum með sama gengi.

V. grein.

Burðargjöld.

Hvor póststjórnin um sig skal hafa rjett til þess að ákveða, eftir ástæðum, gjaldið undir þær póstávísanir, sem hún gefur út, og skulu þær tilkynna hver annari taxta sinn svo og allar breytingar, sem á honum kunna að verða. Gjöldin falla til þess landsins, sem gefur ávísanirnar út, en hvor póststjórnin um sig greiðir hinni einn fjórða af einum af hundraði ($\frac{1}{4}$ af hundraði) reiknað af mismun aðalupphæðar allra útgefinna ávísana og upphæð ógildra og endurborgaðra ávísana.

VI. grein.

Útfylling póstávísana.

Enga ávísun má gefa út, nema sendandi tilgreini fult ættarnafn og að minsta kosti upphafsstaf í einu skírnarnafni sendanda og viðtakanda, eða nafn þess firma eða hlutafjelags, sem er sendandi eða viðtakandi, svo og nákvæmt heimilisfang manns þess eða firma, sem peningarnir eiga að borgast til, og ennfremur heimilisfang sendanda. Á ávísunum, sem eiga að borgast út í Canada, skal einnig tilgreina fylki það, sem útborgunarpósthúsið er í.

VII. grein.

Útborgunarkvittun.

Sendandi póstávísunar getur fengið útborgunarkvittun fyrir henni gegn fyrirframgreiðslu á fastákveðnu gjaldi, er fellur algerlega til póststjórnar útgáfulandsins, enda fari það ekki fram úr því gjaldi, sem er tekið í landinu fyrir móttökukvittun ábyrgðarsendinga.

Útborgunarkvittunin skal skrifuð á eyðublað eins eða líkt og meðfylgjandi eyðublað sýnir (Fylgiskjal A).

Útborgunarkvittunin skal útbúin af útborgunarpósthúsinu og send útgáfupósthúsinu beint, annaðhvort af útborgunarpósthúsinu eða viðskiftastofu útborgunarlandsins.

VIII. grein.

*Leiðrjettningar á villum.*79
28. ágúst

Sje þess óskað, að villa í nafni sendanda eða viðtakanda sje leiðrjett, eða að upphæð póstháttvísunar sje endurgreidd sendanda, verður hann að senda beiðni um það til aðalskrifstofu landsins, þar sem ávísunin var gefin út.

IX. grein.

Eftirrit af ávísunum.

Verði póstháttvísun skakkt send eða glattist, skal gefið út eftirrit af henni af póstháttstjórn útborgunarlandsins, og samkvæmt ákvæðum þess um þetta efni.

X. grein.

Endurgreiddar ávísanir.

Endurgreiðsla á ávísun má með engu móti fara fram fyrir en fullvíska er fengin hjá aðalskrifstofu landsins, sem ávísunin á að útborgast í, um að hún hafi ekki verið borguð út, og tjeð skrifstofa heimili endurgreiðsluna.

XI. grein.

Reglur um útborgun ávísana.

Póstháttvísanir, sem sendar eru frá öðru landinu til hins, skulu, að því er útborgun snertir vera háðar reglum þeim, er gilda í ákvörðunarlandinu.

XII. grein.

Óútborgaðar ávísanir.

Póstháttvísanir skulu vera gildar til útborgunar í hvoru landinu um sig tólf mánuðum eftir útgáfumánuð, og upphæðir allra póstháttvísana, sem ekki eru útborgaðar innan þess tíma, skulu endursendar póstháttstjórn útgáfulandsins, er fer með þær samkvæmt gildandi reglum í landinu.

79
28. ágúst

XIII. grein.

Upphæðir í mynt Canada.

Upphæðir póstávísana í báðar áttir, skulu skrifaðar í kanadiskri mynt. Póststjórn Íslands skal breyta upphæðum póstávísana þeirra, sem gefnar eru út á Íslandi í kanadiska mynt, og upphæðum þeirra, sem gefnar eru út í Canada, í íslenska mynt.

Póststjórninni á Íslandi skal heimilt að ákveða, og breyta eftir ástæðum, gengi því, sem á að nota við myntbreytingu þeirra póstávísana, sem hún gefur út. Gengi það, sem á að nota við myntbreytingu póstávísana, sem gefnar eru út í Canada, skal vera í samræmi við gengi kanadískra peninga, eins og það er þann dag, sem ávísanaskránum er veitt móttaka í Reykjavík. Í báðum tilfellum skal póststjórn Íslands láta póststjórn Canada jafnóðum vita um gengi það, sem notað er.

XIV. grein.

Ávísanaskrár.

Viðskiftastofan á Íslandi skal senda póststjórn Canada upplýsingar um upphæðir þær, sem móttæknar eru til útborgunar í Canada, og stofan í Ottawa skal senda stofunni í Reykjavík upplýsingar um upphæðir, sem móttæknar eru til útborgunar á Íslandi. Til þessa skal nota sjerstakar skrár, eins og meðfylgjandi fyrirmyndir B og C sýna, og skulu þær sendar með fyrsta pósti, sem kostur er á, eftir að ávísanirnar hafa verið gefnar út. Skrárnar skal senda tvíritaðar til hvorrar viðskiftastofu um sig.

XV. grein.

Milliríkjanúmer og númer skráa.

Sjerhver póstávisun, sem færð er á skrárnar, skal vera tölusett með númeri, er heiti milliríkjanúmer, og byrji 1. janúar árlega með nr. 1.

Á sama hátt skal hver skrá hafa flokksnúmer, er byrji á hverju ári með nr. 1.

XVI. grein.

Skrár er vanta.

Nú vantar einhverja skrá, og skal hennar þá krafist þegar í stað af viðskiftastofunni, sem hún átti að sendast til. Viðskiftastofan, sem sendir, skal, þegar þannig er ástatt, tafarlaust senda löglega útbúið eftirrit af skránni.

XVII. grein.

79

28. ágúst

Athugun skráa.

Skrárnar skulu vandlega athugaðar af viðskiftastofunni, sem þær eru sendar til, og leiðrjettar, þegar á þeim standa auðsæjar villur. Leiðrjettingarnar skal tilkynna viðskiftastofunni, sem sendi.

Komi fyrir aðrar skekkjur á skránum, skal viðskiftastofan, sem móttækur þær, krefjast skýringar af viðskiftastofunni, sem sendi, og skal hún gefa skýringuna eins fljótt og unt er. En á meðan skal útgáfunni frestað á innlendum ávísunum þeim, er snerta færsluna á skránum, sem skekkjan finst í.

XVIII. grein.

Útbúningur innlendra ávísana.

Viðskiftastofa móttökulandsins skal, þegar eftir athugun á innihaldinu, búa út innlendar póstávísanir til viðtakenda fyrir upphæðum, sem tilgreindar eru á skránni, til útborgunar í peningum útborgunarlandsins, og senda síðan þessar innlendu ávísanir til viðtakenda eða útborgunar-pósthúsanna, eftir því sem reglur útborgunarlandsins segja til um.

Viðskiftastofa móttökulandsins skal endursenda annað eintakið af hverri skrá til viðskiftastofu sendilandsins, en áður en viðskiftastofan í Reykjavík endursendir slíka skrá, skal hún færa inn á hana upphæð hverrar póstávísunar í íslenskum peningum, eftir gengi því sem hún notar.

XIX. grein.

Um endurgreiðslur og ógildar ávísanir, sem færa á til reiknings.

Í lok hvers mánaðar skal viðskiftastofan í Reykjavík útbúa og senda Postmaster General of Canada, Financial Branch, Money Order Division:

1. Skrá er sýni upplýsingar um allar ávísanir, sem hún hefir heimilað póststjórn Canada að endurborga hinum upprunalegu sendendum (sjá fylgiskjal D.).
2. Skrá, er sýni upplýsingar um allar póstávísanir útgefnar í Canada til útborgunar á Íslandi, sem ekki hafa orðið borgaðar út innan tólf mánaða eftir lok útgáfumánaðar, og þarafleiðandi fallnar til útgáfulandsins (sjá fylgiskjal E.).
3. Póststjórn Canada lætur viðskiftastofunni í Reykjavík samskonar í tje frá sjer.

79
28. ágúst

XX. grein.

Aðalreikningur.

Jafnskjótt og hægt er í lok hvers ársfjórðungs skal viðskiftastofan í Reykjavík útbúa tvíritaðan reikning og skal taka í hann aðalupphæð skráa þeirra, sem útgefnar hafa verið í hvoru landinu um sig yfir ársfjórðunginn — að frádregnri upphæð ávísana þeirra, sem heimilað hefir verið að endurborga á ársfjórðungnum, og aðalupphæð þeirra ávísana, sem hafa orðið ógildar yfir ársfjórðunginn.

Ávísanareikningurinn skal útbúinn á eyðublaði eins og fyrirmyndin á fylgiskjali „ sýnir. Annað samritið af reikningnum, löglega samþykkt, skal endursent til Reykjavíkur.

XXI. grein.

Jöfnuður reikninga.

Þegar íslenska póststjórnin á að borga póststjórn Canada reikningsjöfnuð aðalreikningsins, skal hún gera það um leið og hún sendir reikninginn. Þegar reikningsjöfnuðurinn er Íslandi til góða skal póststjórn Canada greiða hann um leið og hún endursendir hið samþykta samrit af reikningnum til Reykjavíkur.

Þessar greiðslur, sem og aðrar greiðslur, er kunna að falla samkvæmt ráðstöfunum XXII. greinar, skulu fara fram í dollurum með víxlum, er borgist við sýningu í Ottawa.

Á hverja upphæð, sem önnur póststjórnin skuldar hinni, þegar sex mánuðir eru liðnir frá tímabili því, sem reikningurinn á við, falla vextir 7 af hundraði á ári, frá ofangreindum tíma að telja.

XXII. grein.

Fyrirframgreiðslur.

Hvenær á ársfjórðungi, sem þess verður vart, að ávísanir útgefnar á annaðhvort landanna fara fimm þúsund dollara (\$ 5,000.00) fram úr ávísunum, sem eru útgefnar á hitt, skal hið síðarnefnda þegar í stað senda hinu fyrnefnda, sem borgun í reikning upphæð þessa mismunar, sem fundist hefur, eða því sem næst, í tugatali.

XXIII. grein.

Viðbótarreglur.

Póststjórn hvors landsins um sig skal heimilt að taka upp viðbótarreglur (sjeu þær ekki í mótsögn við ofanskráð), er miði að betri tryggingu gegn sviksemi, eða þessum ráðstöfunum til bóta yfir höfuð.

XXIV. grein.

79

28. ágúst

Stöðvun á póstávisanaviðskiftum.

Hvorri póststjórn um sig skal heimilt, ef óumflýjanlegt þykir, að stöðva póstávisanaviðskifti um stundarsakir, að öllu eða nokkru leyti, enda sje tilkynning um stöðvunina þegar í stað send hinu landinu, og símleiðis ef þörf krefur.

XXV. grein.

Gildi samningsins.

Þegar samningur þessi er undirskrifaður gengur hann í gildi þann 1. október 1928, og sje uppsegjanlegur af beggja hálfu með sex mánaða fyrirvara.

Saminn í tveimur eintökum og undirskrifaður í Reykjavík þann 18. júní 1928 og undirskrifaður í Ottawa þann 1928,

*S. Briem,**P. J. Veniot,*

Aðalpóstmeistari á Íslandi.

Aðalpóstmeistari í Canada.

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt.

Forsætisráðherrann, 28. ágúst 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

REGLUGJÖRÐ

80

11. okt.

fyrir

veðdeild Landsbanka Íslands um útgáfu á 8. flokki (seriu) banka-vaxtabrjefa samkvæmt lögum nr. 60, 7. maí 1928, um útgáfu nýrra flokka (seria) bankavaxtabrjefa.

1. gr.

Tilgangur veðdeildarinnar er að veita lán um langt árabíl gegn veði í fasteignum og gegn tryggingu í eignum og tekjum bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.